

Mánudaginn 24. október 1977.

Nr. 182/1977. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Óttari Hreinssyni.

Kærumál. Dómsrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1977, sem barst Hæstarétti 18. s. m. Hefur ríkissaksóknari heimilað honum kæru úrskurðarins. Stendur ákvæði 5. mgr. 12. gr. laga nr. 107/1976 því ekki í vegi.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn „verði úr gildi felldur og dæmt áfram á ætluðu broti“ sínu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur ekki af sinni hálfu lýst kæru úrskurðarins til dómara málsins með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, en í greinargerð til Hæstaréttar 18. þ. m. er þess krafist af hans hálfu, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að heyja dómsrannsókn vegna rangs framburðar varnaraðilja.

Hinn 12. október 1977 kom Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari, fyrir rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og gaf honum munnlega skýrslu um það, að sér hefði borist vitneskja um, að varnaraðili hefði staðhæft í viðtölum við nafngreinda menn, að hann hefði gefið rangar skýrslur við rannsókn sakadómsmálsins: Ákærvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o. fl., sem dómtekið hafði verið í sakadómi Reykjavíkur 7. s. m. Var framangreind skýrsla vararíkissaksóknara skráð sem kæra á hendur varnaraðilja um rangan framburð.

Rannsókn málsins hófst tafarlaust á því, að rannsóknar-

lögreflugfulltrúi tók skýrslu af varnaraðilja. Skýrði varnaraðili þá svo frá, að eiðfestur framburður sinn í framan- greindu sakadómsmáli 25. maí 1977 hefði verið í meginatrið- um rangur svo og skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglu 14. desember 1976 og 24. janúar 1977, en þær skýrslur hefði hann staðfest fyrir sakadómi í þinghaldinu 25. maí 1977. Hins vegar væri rétt sú skýrsla, sem hann gaf, er hann kom fyrst fyrir rannsóknarlögreglu hinn 13. desember 1976. Væri það því allt rangt, sem hann hefði síðar borið, að hann hefði eitt sinn, e. t. v. hinn 19. nóvember 1974, ekið sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur að beiðni Kristjáns Viðars Við- arssonar, en hann er ákærður í fyrrnefndu sakadómsmáli fyr- ir að hafa ásamt fleiri mönnum orðið manni að bana í Drátt- arbrautinni í Keflavík að kvöldi þess dags.

Varnaraðili gaf þá skýringu á breyttum framburði sínum, að hann hefði gefið hinar röngu skýrslur vegna hótana rann- sóknarmanna um beitingu gæsluvarðhalds.

Auk varnaraðilja voru tveir menn kvaddir fyrir rannsókn- arlögreglu til skýrslugjafar sama dag vegna máls þessa.

Daginn eftir, hinn 13. s. m., var hið dómtekna sakadóms- mál endurupptekið að kröfu vararíkissaksóknara með heim- ild í 136. gr. laga nr. 74/1974. Gaf þá varnaraðili nýja vitna- skýrslu fyrir dóminum. Tók hann aftur fyrri framburð. Var dómþingi síðan slitið, og verður ekki séð, hvort frekari dóms- rannsókn hafi verið háð í því sakadómsmáli.

Þegar að loknu framangreindu dómþingi háði fulltrúi yfir- sakadómara dómþing. Lágu þá frammi þær skýrslur rann- sóknarlögreglu, sem teknar höfðu verið daginn áður, þing- bók sakadóms úr hinu fyrra þinghaldi og fleiri gögn. Á dóm- þinginu voru mættir vararíkissaksóknari og rannsóknarlög- reglustjóri ríkisins. Bar vararíkissaksóknari þar fram kröfu þá, sem greinir í hinum kærða úrskurði. Var nú dómþinginu frestað, en daginn eftir yfirheyrði sakadómarafulltrúinn varnaraðilja um málið. Kvað hann síðan upp sérstakan úr- skurð um gæsluvarðhaldsvist varnaraðilja, en því næst hina kærða úrskurð.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdómara, að ekki séu efni til

að taka mál þetta til dómsrannsóknar að svo stöddu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. október 1977.

Ár 1977, föstudaginn 14. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur í gærdag var svohljóðandi krafa borin fram munnlega af hálfu ákærvaldsins: „Með vísan til þess, er fram hefur komið í þinghaldi sakadóms Reykjavíkur í dag í málinu: Ákærvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o. fl., er þess krafist, að fram fari dómsrannsókn á ætluðu broti Sigurðar Óttars Hreinssonar, f. 25. mars 1956, á 142. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna breyst framburðar hans fyrir dómi í dag.

Jafnframt er þess krafist, að Sigurði Óttari Hreinssyni verði með vísan til 1. tl. 67. gr. 1. nr. 74/1974 gert að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins allt að 30 dögum“.

Krafan um gæsluvarðhald hefur verið úrskurðuð sérstaklega nú í dag.

Samkvæmt lögum 74/1974, sbr. lög 107/1976, fer lögregla (rannsóknarlögregla) með frumrannsókn brotamála. Dómstólar fara ekki með rannsókn mála, nema samkvæmt 74. gr. laganna (sbr. þó niðurlagsákvæði 73. gr., sem á aðeins við utan Reykjavíkur). Dómsrannsókn fer fram eftir sérstakri beiðni ríkissaksóknara, þar sem gæta skal ýmissa formskilyrða (sbr. 2. og 3. mgr. 74. gr.). Dómsrannsókn skv. 74. gr. á einungis að fara fram að lokinni frumrannsókn, enda sé þá ekki hægt að taka ákvörðun um, hvort mál skuli höfða eða ekki.

Málefni það, sem hér er um að ræða, þ. e. rannsókn á hendur Sigurði Óttari Hreinssyni, sem sakaður er um rangan framburð fyrir dómi, er á byrjunarstigi og því ekki efni til dómsrannsóknar að svo stöddu. Þá hefur nefndra formskilyrða ekki verið gætt að fullu.

Er þannig ekki unnt að taka kröfuna til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa um dómsrannsókn í framangreindu máli verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. október 1977.

Nr. 111/1975. **H/f Eimskipafélag Íslands**
 (Hafsteinn Hafsteinsson hdl.)
 gegn
Samvinnutryggingum g/t
 (Jón Finnsson hrl.).

Farmflutningar. Farmskírteini. Flutningsábyrgð.
 Erlendar réttarreglur. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson og Sigurður Lindal prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. september 1975. Krefst hann þess aðallega, að honum verði aðeins dæmt að greiða jafnvirði 500.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum miðað við gengi á greiðsludegi, að málskostnaður í héraði falli niður og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða jafnvirði 2.127.50 bandaríkjadala í íslenskum krónum miðað við gengi á greiðsludegi og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Áfrýjandi hefur lagt fram farmgjaldaskrá sína, er gilti á þeim tíma, sem hér um ræðir, um vörur, er hann flutti frá Norfolk